# GJALDSKRÁ

## fyrir mötuneyti Flúðaskóla og Skólasel

**1. gr.**

Í Flúðaskóla og Leikskólanum Undralandi eiga nemendur kost á heitri máltíð í hádeginu fjóra daga í viku, alla skóladaga skv. skóladagatali og hressingu.
Maturinn er eldaður í eldhúsi grunnskólans. Foreldrar skrá börn sín í mat í byrjun skólaárs.

Skólaselið er fyrir börn í 1.– 4. bekk í Flúðaskóla. Skólasel er starfandi á skóladögum skv. skóladagatali frá því að skóla lýkur mánudaga til fimmtudaga og til kl. 16:00. Vinnudagar í Skólaseli eru þeir sömu og nemendadagar í Flúðaskóla.

**2. gr.**

Gjald vegna mötuneytis og Skólasels er sem hér segir:

<u>**Nemendur Flúðaskóla:**</u>

| | |
|---|---|
| Hádegisverður | 475- kr. |
| Ávaxtastund/hressing | 102,- kr. |

<u>**Starfsmenn Hrunamannahrepps:**</u>

| | |
|---|---|
| Hádegisverður | 685,- kr. |

<u>**Nemendur Leikskólanum Undralandi:**</u>

| | |
|---|---|
| Morgunhressing | 130,- kr. |
| Hádegisverður | 455,- kr. |
| Síðdegishressing | 150,- kr. |

<u>**Heimaland, eldri borgarar og aðrir:**</u>

| | |
|---|---|
| Matur | 896,- kr. |
| Heimsending matar | 250,- kr. á hvern skammt |

<u>**Gjaldskrá vegna Skólasels:**</u>

| | |
|---|---|
| Stakur tími | 432,- kr. |
| Hressing | 150,- kr. |

**3. gr.**

Foreldrar/forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu Skólasels þurfa að sækja um fyrir barn/ börn sín hjá ritara skólans. Ef barn ætlar að hætta í Skólaseli skal berast tilkynning með mánaðar fyrirvara frá foreldri/ forráðamanni til ritara skólans. Miðast uppsögnin við 1. eða 15. dag hvers mánaðar. Hægt er að skrá barn í 1- 4 daga í Skólaseli á viku.

**5.gr.**

Hrunamannahreppur sendir gíróseðil vegna þjónustugjalda mánaðarlega. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.
Að jafnaði koma forföll ekki til frádráttar þjónustugjöldum nema um veruleg forföll sé að ræða og skal það metið í hverju tilfelli fyrir sig af skólastjóra. Tilkynna þarf forföll til umsjónarmanns Skólasels.

Ef foreldrar/forráðamenn eiga tvö eða fleiri börn í Skólaseli er veittur 25% afsláttur af mánaðargjaldi fyrir annað barn og hvert barn þar á eftir.

**6. gr.**

Skráning í mat og Skólaseli er hjá skólaritara. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðarmót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólaritara fyrir 20. dag mánaðar á undan.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. og 33.. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum og var samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps  þann 7. desember 2023.
Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2024 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá mötuneytis og skólavistunar sem sem gilt hefur frá 1. janúar 2023.

Hrunamannahreppi,  7. desember 2023

Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri